

Sp.

65. Tillaga til þingsályktunar

[61. mál]

um verðaukaskatt af lóðum og lendum.

Flm.: Bjarni Guðnason, Bragi Sigurjónsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verðaukaskatt, sem lagður skal á sölu fasteigna, annarra en íbúðar- og atvinnurekstrarhúsnæðis.

Skal markmið löggjafarinnar vera að skattleggja sölu lóða og lendna, sem hækk- að hafa í verði sökum hinna öru verðhækkana undanfarinna áratuga án tilverknaðar eigenda.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ýmsir raka saman stórfé á því, að lóðir og lendur í eigu þeirra hafa stórum stigið í verði og skilað risavöxnum söluhagnaði, sem á rætur að rekja til hinna öru verðlagshækkana í þjóðfélaginu, en ekki til tilverknaðar eigenda.

Sérstaklega hefur þetta átt sér stað í þéttbýli, en ýmis dæmi eru og um þetta í strjálbýli. Nær ævinlega gerist þessi verðaukning þannig, að eigandinn þarf hvorki að hreyfa hönd né fót til að ná þessum verðhækkunargróða. Það er andstætt réttarkennd almennings, að menn geti þannig hagnast á breyttum þjóðfélagsaðstæðum, sem þeir eiga enga aðild að öðrum fremur.

Hér er ekki farið inn á þá braut að fella íbúðar- og atvinnurekstrarhúsnæði undir umræddan verðaukaskatt, þar eð telja má, að núgildandi skattalagaákvæði ná til verðauka þeirra á nokkurn veginn viðunandi hátt.

Verðaukaskatt mætti innheimta annaðhvort sem ákveðið hlutfall af verðhækkun þeirri, sem ætti sér stað á lóðum og lendum, eða sem fasta hundraðstölu af heildarsöluverði þeirra. Ekki skal á þessu stigi málsins kveðið upp úr um það, hvort skattur þessi skuli renna til ríkis eða sveitarfélaga — nema hvort tveggja sé. Eðlilegast er, að fram fari könnun á þessum skattstofni, áður en ofangreind atriði eru fastákveðin.

Hér er ekki verið að seilast í vasa hins almenna skattborgara, heldur gerð tilraun til þess að skattleggja auðfenginn stórgróða, sem myndast hefur oftsinnis vegna skipulagsákvæðna stjórnvalda. Algengt er, að eigendur slíkra nýrra skipulagssvæða séu fjármálamenn, sem hafa fjárfest í lóðum einungis í hagnaðarskyni.

Ákvæði núgildandi laga leiða til þess, að jafnvel 3 ára eignarhald nægir til þess, að söluhagnaður er ekki skattskyldur af umræddum fasteignum. Hér er vissulega umbóta þörf.

Það gegnir furðu, að skattur af því tagi, sem hér er nefndur, skuli ekki fyrir löngu hafa verið lögfestur á Íslandi, ekki sízt vegna hinna öru þjóðfélagsbreytinga. Hliðstæð skattlagning er ekkert einsdæmi í vestrænum löndum. Fjölmargar nágrenna-þjóðir hafa beitt slíkri skattlagningu, þegar verðbólga hefur gerzt ógnvekjandi og haft óeðlilega mikil áhrif á verðhækkun fasteigna.

Af framangreindum ástæðum er þingsályktunartillaga þessi lögð fyrir hið háa Alþingi.